

Ed.

72. Frumvarp

til laga um skatt af lóðum og húsum í Siglnfjarðarkaupstað.

Flutningam.: Einar Arnason.

1. gr.

Til greiðslu á kostnaði þeim, er bæjarsjóður Siglnfjarðar hefir haft af byggingu sjóvarnargarðsins þar, skal árlega greiða skatt í bæjarsjóð, svo sem hjer segir, af öllum útmældum lóðum innan löggilts verslunarsvæðis í kaupstaðnum og af húsum á þeim lóðum:

1. Af lóðum, er liggja að sjó í Bakka, Hvanneyrarkrók, Siglnfjarðareyri og innan Siglnfjarðareyrar og anstan fjarðar, 6 af þúsundi af virðingarverði fasteigna samkvæmt fasteignamat.
2. Af húsum á þeim lóðum 3 af þúsundi.
3. Á ½ aðrar fasteignir í kaupstaðnum heimilast bæjarstjórn að leggja árlegan skatt, 3 af þúsundi af lóðum og $1\frac{1}{2}$ af þúsundi af húsum.

Tún og garðar og fasteignir, sem eru eigi fasteignaskattskyldar samkvæmt lögum nr. 66 1921, eru undanskildar þessum skatti.

Þá er lokið er greiðslu á kostnaði þeim, er bæjarsjóður hefir haft af sjóvarnargarðinum, fellur skatturinn niður. Komi það í ljós síðar, að bæjarsjóður þurfi að leggja fram fje til viðhalds eða endurbyggingar garðinum, þá er bæjarstjórninni heimilt að taka skattinn upp af nýju og verja til lúkningar þeim kostnaði.

2. gr.

Skatturinn greiðist á manntalsþingi af þeim, sem hefir fasteignirnar á leigu eða til afnota, og innheimtist af bæjarfógeta Siglufjarðarkaupstaðar, gegn 4% innheimtulaunum. Skatturinn innheimtist í fyrsta sinn á manntalsþingi 1927.

3. gr.

Skattinn má taka lögtaki, og gengur hann í tvö ár frá gjalddaga fyrir öllum veðkröfum á eignum, er hann hvílir á, næst eftir fasteignaskatti til ríkissjóðs.

Greinargerð.

Þetta frumvarp er í öllum aðalatriðum samhljóða frumvarpi, er flutt var á síðasta þingi og var þá látið óútrætt. Nefnd sú, er þá hafði málið til meðferðar, gerði við það nokkrar breytingartillögur, og eru þær allar teknar til greina í þessu frumvarpi, að einni undantekinni.

Nýmæli er það í frumvarpinu, að fastákveðið er, til hvers skattinum skuli varið, og sömuleiðis að hann getur verið tímabundinn.

Siglufjarðarbær hefir orðið að taka stórt lán, 50—60 þús. kr., til að byggja sjóvarnargarðinn að sínum hluta. Lán þetta er mestalt fengið hjá ríkissjóði. Telur bæjarstjórnin brýna nauðsyn á nýjum tekjustofni fyrir bæjarsjóð til að greiða þetta lán. Auk þessa kostnaðar hefir bærinn tekið að sjer viðhald garðsins að hálfu leyti móti ríkissjóði, samkvæmt ákvörðun Alþingis.